

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/2003

## **Kvörtun Thorvaldsensfélagsins yfir nafninu Thorvaldsen bar**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi, dags. 1. ágúst 2002, kvartar Thorvaldsensfélagið yfir nafninu á nýstofnuðum bar Thorvaldsen bar. Thorvaldsensfélagið á húseignina Austurstræti 4 þar sem hin 101 ára verslun félagsins, Thorvaldsensbazar, er til húsa ásamt annarri starfsemi félagsins. Í erindinu kemur fram að mikið ónæði hafi orðið í verslun félagsins vegna nafngiftar barsins, fjöldi símhringinga berist, fyrirspurnir um gleymda eða tapaða muni, leit að vinnu, spurt sé eftir þjónustufólkinu, alls kyns sölumennska og margt fleira.

Í erindinu er rakið að spurningar hafi vaknað um hvort barinn sem sé í þarnæsta húsi við Thorvaldsensbazarinn tengist Thorvaldsensfélaginu á einhvern hátt og kannski sé það ekki skrítið að einhverjum detti það til hugar vegna nafnsins. Í hótélbókinni *Gestur* sé barinn auglýstur og sagður heita eftir Bertel Thorvaldsen. Félagskonum þyki miður að bar með nafni Thorvaldsen hafi verið opnaður og telji það hvorki félaginu né listamanninum Bertel Thorvaldsen til upphéðar. Thorvaldsen nafnið sé þeim afar kært og vilji helst að félagsskapurinn njóti nafnsins án kenningar við bar.

Þess er farið á leit við samkeppnisyfirvöld að hnekkja nafni barsins þar sem Thorvaldsensfélagið hafi borið nafn listamannsins Thorvaldsen í 127 ár og það ætíð tengt góðgerðarmálum til viðbótar við listaverk hans. Fram kemur í erindinu að Thorvaldsensfélagið hafi verið stofnað þegar danska stjórnin gaf stytta af Bertel Thorvaldsen myndhöggvara hingað til lands árið 1874 í tilefni þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar. Hafi þetta líknar- og góðgerðarfélag starfað óslitið síðan. Í félaginu séu 80 konur og allt starf þeirra sé sjálfboðastarf og allir fjármunir sem safnist renni til líknar- og mannúðarmála.

##### **2.**

Með bréfi, dags. 6. ágúst 2002, sendi Samkeppnisstofnun erindi Thorvaldsensfélagsins til umsagnar Thorvaldsen bars með vísan til 25. gr.

samkeppnislaga. Svar Thorvaldsen bars er dagsett 14. ágúst 2002. Þar segir að forráðamenn barsins geti engan veginn séð að nafnið sé villandi eða hafi í för með sér óþægindi. Starfsmenn Thorvaldsen bars hafi aldrei þurft að leiðrétta misskilning vegna þessa þrátt fyrir mikinn gestafjölda. Ekki hafi borið á því að fólk hafi komið til að kaupa varning bazarsins á Thorvaldsen bar né hafi á annan hátt verið villst á Thorvaldsensbazar og Thorvaldsen bar.

Fram kemur að ekki sé fallist á að Thorvaldsensfélagið sem reki Thorvaldsensbazar hafi rétt til að ráðstafa nafni Thorvaldsen. Thorvaldsen bar standi við Thorvaldsenstræti á Austurvelli og dragi nafn sitt af staðsetningunni. Listamanninum Bertel Thorvaldsen sé margvíslegur sómi sýndur á staðnum og séu fágætar bækur og myndir til sýnis fyrir þá sem komi á staðinn. Í gegnum tíðina hafi margir viljað eigna sér Thorvaldsen-nafnið og nægi að benda á umdeilt þjóðerni Bertels Thorvaldsen. Danir hafi talið hann danskan, Íslendingar íslenskan og Ítalir ítalskan. Allar þjóðirnar hafi nefnt götur í höfuðborgum sínum eftir listamanninum.

Að lokum segir að Thorvaldsen bar þyki miður að Thorvaldsensfélagið skuli ekki fagna því að vandaður og vinsæll veitingastaður í miðborg Reykjavíkur skuli sýna þessum heimsþekktu listamanni þann sóma að halda nafni hans á lofti við það stræti sem við hann sé kennt í Reykjavík.

### 3.

Svar Thorvaldsen bars var sent Thorvaldsensfélaginu til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 20. ágúst 2002. Svör bárust ekki og var bréfið ítrekað þann 23. september 2002. Svar Thorvaldsensfélagsins er dagsett 26. september 2002 og er þar ítrekað það ónæði sem starfskonur Thorvaldsensbazarsins hafa orðið fyrir. Það komi ekki á óvart að forráðamenn Thorvaldsen bars verði ekki fyrir ónæði, það vefjist ekki fyrir viðskiptavinum Thorvaldsensbazarsins hvar hann eða símanúmer hans sé að finna.

Dæmi er nefnt um að allt að þrisvar sinnum á dag þurfi að svara erindum sem á einhvern hátt tengist barnum. Ekki viti félagið hvort Thorvaldsen bar sé skráður í símaskrá en víst sé að hann standi ekki við Thorvaldsenstræti eins og forráðamenn barsins haldi fram. Thorvaldsen bar sé til húsa í Austurstræti 8 og við Vallarstræti Austurvallarmegin. Fyrirspurnir berist Thorvaldsensfélaginu um hvort það reki barinn og komi það fólk í hug vegna nafnsins. Rekstur bars sé ekki í anda góðgerðarfélags.

Að lokum er spurt hvort hefð eigi ekki við í tilviki þar sem Thorvaldsensfélagið sé 127 ára og Thorvaldsensbazar 101 ára og Thorvaldsen-nafnið þeim því kært.

Með bréfi Thorvaldsensfélagsins fylgdi ljósrit auglýsingar Thorvaldsen bars úr hótélbókinni *Gesti* þar sem fram kemur að barinn sé nefndur eftir Bertel Thorvaldsen.

#### 4.

Athugasemdir Thorvaldsensfélagsins voru sendar Thorvaldsen bar til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 2. október 2002. Engin svör bárust.

Með bréfi, dags. 5. desember 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfi til málsaðila, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

Þann 28. júlí 2003 sendi Samkeppnisstofnun nýjum rekstraraðila Thorvaldsen bars, Fálkagerðisbræðrum ehf., gögn málsins til umsagnar. Félagið kaus að koma ekki að athugasemdum í málinu.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

Í máli þessu kvartar Thorvaldsensfélagið, sem rekur Thorvaldsensbazar, yfir nafninu á Thorvaldsen bar. Thorvaldsensfélagið og Thorvaldsensbazar eru til húsa að Aðalstræti 4 og Thorvaldsen bar að Aðalstræti 8. Í erindi kvartanda er ekki vísað til ákveðinna greina samkeppnislaga en að mati samkeppnisráðs kemur 25. gr. laganna til álita. Greinin hljóðar svo:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á

vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérhöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Thorvaldsensfélagið er þekkt líknar- og góðgerðarfélag sem verið hefur starfandi í 128 ár og Thorvaldsensbazar hefur verið rekinn í 102 ár. Thorvaldsen bar er hvorki skráð nafn né vörumerki heldur eingöngu nafn barsins en núverandi rekstrarfélag barsins er Fálkagerðisbræður ehf. Gera má ráð fyrir að Thorvaldsensfélagið og Thorvaldsensbazar hafi öðlast vörumerkjarétt á auðkennunum í heild sinni sé miðað við upphaf notkunar. Er þá gengið út frá að merkin uppfylli skilyrði vörumerkjalaga um skráningu. Að mati samkeppnisráðs eiga því ákvæði 1. ml. 25. gr. við í máli þessu og ber þá að líta til þess hvort notkun á nafninu Thorvaldsen bar gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Samkeppnisráð telur að orðið Thorvaldsen sé þekkt sem eftirnafn listamannsins Bertel Thorvaldsen enda kenna báðir málsaðilar sig við hann skv. málsgögnum. Þá er einnig að finna götuna Thorvaldsenstræti í Reykjavík en sú gata liggur þvert á annan inngang Thorvaldsen bars. Samkeppnisráð telur að gera megi ráð fyrir að ýmsir sjái ástæðu til að kenna starfsemi sína við listamanninn. Nafnið Thorvaldsen sem forskeyti sé orð sem ekki sé hægt að banna öðrum að nota. Þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að mati samkeppnisráðs að Thorvaldsensfélagið verður að hlíta því að aðrir notið nafnið.

Í erindi kvartanda, Thorvaldsensfélagsins, er lýst ónæði sem félagið hafi orðið fyrir eftir að barinn opnaði. Þannig hafi fólk hringt, leitað týndra muna og viljað panta borð. Í því sambandi telur samkeppnisráð að máli skipti að þegar barinn var opnaður var nafn hans ekki skráð í símaskrá, s.s. á Internetinu. Þeir sem erindi áttu við Thorvaldsen bar þurftu að vita hvar barinn væri nákvæmlega til húsa og út frá þeim upplýsingum sem þá komu í ljós að geta sér til um hver af viðkomandi fyrirtækjum ræki barinn. Úr þessu hefur nú verið bætt þannig að Thorvaldsen bar er bæði skráð í prentaða símaskrá og á Netinu.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“**